

Alþingi
Erindi nr. P 132/1989
komudagur 2.S. 2006

From: hugi.olafsson@umh.stjr.is [mailto:hugi.olafsson@umh.stjr.is]
Sent: 2. maí 2006 10:48
To: Selma Hafliðadóttir
Cc: kristin.arnadóttir@umh.stjr.is; thorsteinn.tomasson@lan.stjr.is
Subject: minnisblað um kolefnisbindingu

Sæl,

Á fundi okkar með nefndinni á föstudaginn sl. óskaði nefndin eftir stuttu minnisblaði um málefni kolefnisbindingar frá umhverfisráðuneytinu. Meðfylgjandi er slíkt minnisblað. Ef nefndin telur að spurningum sínum sé ekki nægjanlega vel svarað, eða óskar eftir viðbótarupplýsingum er UMH að sjálfsögðu reiðubúið að láta slíkt í té. Einnig bendir UMH á að landbúnaðarráðuneytið býr yfir ítarlegri upplýsingum hvað varðar stöðu mála hér á landi, en Þorsteinn Tómasson er manna fróðastur um þau efni þar.

Með kveðju,
Hugi

Minnisblað

Frá: Umhverfissráðuneytinu
Til: Umhverfisnefndar Alþingis

Skv. grein 3.3 í Kýmótó-bókuninni eru skógrækt og endurheimt skóga tekin með í mati á aðgerðum ríkja til að mæta skuldbindingum bókunarinnar. Skógrækt telst mönnum þar til tekna, að fullnægðum skilyrðum um að geta sýnt fram á bindingu kolefnis í skógum á sannanlegan og vísindalegan hátt, en á móti skal meta útstreymi GHG vegna skógareyðingar. Í grein 3.4 er ákvæði um að ríki geti valið að taka ákveðna flokka landnýtingar inn í losunar- og bindingarbókhaldið, þ.e. nýtingu skóglendis, nýtingu akurlenda, beitarstjórnun og landgræðslu.

Bókhald vegna skógræktar er sem sagt skylda og er staða þess nokkuð góð, skv. upplýsingum umhverfissráðuneytisins, þótt bæta megi það nokkuð, sbr. ágæta samantekt sem landbúnaðarráðuneytið gerði um stöðu þessarra mála 2005. Annað er valkvætt.

Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum frá 2002 segir: “Binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu verði augin. Þær skógræktar- og landgræðsluáðgerðir sem ráðist verður í á næstu árum verði skipulagðar og framkvæmdar með þeim hætti að nettó binding kolefnis sem af þeim leiðir verði sem mest að teknu tilliti til annarra markmiða svo sem verndar líffræðilegs fjölbreytileika eða eflingu byggðar.”

Það liggur sem sagt fyrir að Ísland hyggist velja landgræðslu, en ekki hina þrjá flokkana sem kostur er gefinn á í grein 3.4. Frestur til að velja landnýtingarflokka skv. grein 3.4 rennur út í árslok 2006. Staða mála varðandi bókhaldið í landgræðslu er heldur óljósari en hvað varðar skógræktina, en hugsanlega yrði Ísland frumkvöðull á þessu sviði, t.d. nefndi breskur sérfræðingur í kolefnisbindingarmálum sem heimsótti Ísland í febrúar sl. að hann vissi ekki af neinu ríki sem hygðist velja landgræðslu, þótt hugsanlegt væri að ríki eins og Spánn gerðu slíkt. Gott bókhald um bindingu kolefnis með landgræðslu kæmi ekki einungis til góða varðandi loftslagsbókhaldið, heldur myndi það væntanlega gefa mun betri mynd af árangri landgræðslustarfsins en áður hefur verið unnt að gefa.

Kostnaður við rannsóknir og bættu aðferðarfræði til að meta bindingu kolefnis í landgræðslu og skógrækt er ekki tekinn með í kostnaðarmati frumvarpsins, heldur einungis kostnaður Landbúnaðarháskólans við að taka saman þær vísindalegu upplýsingar sem fyrir liggja og setja þær fram á þann hátt sem óskað er í loftslagsbókhaldinu. Skv. fyrrgreindri skýrslu landbúnaðarráðuneytisins vantar nokkuð upp á að stofnanir landbúnaðarins telji sig nægjanlega vel í stakk búnar til að tryggja vísindalega nákvæmni bókhaldsins, en það er von umhverfissráðuneytisins að úr því máli verði leyst, þannig að Ísland fái þessa bindingu metna á fyrsta skuldbindartímabili Kýmótó-bókunarinnar og hægt verði að gefa út sk. bindingareiningar sem dragast frá losun GHG á tímabilinu.